



Fundargerð vegna fundar framkvæmdastjórnar Sósíalístaflökks Íslands 12. febrúar

12. febrúar 2018, Hlutverkasetri

Mætt: Gunnar Smári, Margrét, Laufey, Sanna, Hákon, Katrín (í fjarsambandi) og Gísli Pálsson.

1. Samþykkt fundargerðar síðasta fundar.

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.

2. Uppbygging flokksstarfs

Unnið er að eflingu fjögurra málefnaþópa og Samvisku flokksins. Hugað að skipan kjörstjórnar komi til veitastjórnarframboðs. Kallað eftir frekari þátttöku félaga, fjölgun og hringingum.

3. Sveitastjórnarkosningar

Hugað að undirbúningi fundar á sunnudag um framboðsmál.

4. Endurreisn verkalýðshreyfingarinnarm, kosningar í Eflingu.

Nokkur umræða var um fyrirhugaðar kosningar í Eflingu og kosti þess og galla að bjóða fram til sveitastjórnarkosninga.

5. Tengsl við fátæka, leigjendur, aldraða, öryrkja, innflytjendur

Flokkurinn hefur skapað sér sérstöðu, nær til hópa sem hafa verið afskiptir, ekki síst verkafólks og innflytjenda.

M.a. rætt um 1. maí.

6. Ungir sósíalistar.

Haldnir hafa verið fundir með framhaldsskólanemum og háskólanemum. Gera þarf átak til að ná betur til námsfólks.

7. Útgáfa, fundir, áróður, kynning.

Rætt um leiðir til að ná til breiðari hóps og kynna stefnumið flokksins.

9. Önnur mál

Rætt var um fjárhagsstöðu flokksins og félagsgjöld.

Fundargerð ritaði Gísli Pálsson.